

## Álagning fasteigna- og þjónustugjalda í Hafnarfirði árið 2008.

I. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt að fasteignagjöld fyrir árið 2008 verði álagð sem hér segir :

- a) Fasteignaskattur.
1. Íbúðarhúsnæði, 0,240% af heildarfasteignarmati.
  2. Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði 1,60% af heildarfasteignarmati.
  3. Opinberar byggingar 1,32% af heildarfasteignarmati.
  4. Hesthús, 0,5% af heildarfasteignarmati.
- b) Vatnsgjald og holræsagjald.
1. Að beita heimild í reglugerð fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181/1958 með síðari breytingum og leggja á vatnsgjald, sem nemi 0,115% af heildarfasteignarmati.
  2. Vatnsgjald vegna fasteigna í Sléttuhlíð sem njóta vatns tímabundið skal vera 0,1% af heildarfasteignarmati.
  3. Aukavatnsgjald samkvæmt mæli verði 12,00 kr. fyrir hvern m<sup>3</sup> vatns.
  4. Að beita heimild í reglugerð fyrir holræsagjöld nr. 507/1975 með síðari breytingum og leggja á holræsagjald sem nemi 0,136% af heildarfasteignarmati.
- b) Lóðarleiga.
1. Íbúðarhúsnæði 0,27% af lóðarmati.
  2. Atvinnuhúsnæði 1,0% af lóðarmati
  3. Reikningar fyrir leigu á lóðum hafnarsjóðs verða sendir sérstaklega
  4. Lóðarleiga annarra lóða en tilgreindar eru hér að ofan reiknast 0,5% af lóðarmati

Gjalddagar fasteignagjalda árið 2008 verði 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní og 1. júlí og greiðist 1/6 gjaldsins hverju sinni. Eindagi verði 30 dögum síðar. Reynist heildarálagð gjöld 20.000 kr. eða lægri, er gjalddagi gjaldanna 1. febrúar.

Bæjarstjórn heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt ellil- og örorkulífeyrisþega (75%) af eigin íbúð á eftirfarandi hátt :

a) <u>Einstaklingar:</u>			
Brúttótekjur 2007 allt að	2.057.000	100%	niðurfelling
“ “ “	2.365.000	80%	“
“ “ “	2.750.000	50%	“
b) <u>Hjón:</u>			
Brúttótekjur 2007 allt að	2.882.000	100%	niðurfelling
“ “ “	3.223.000	80%	“
“ “ “	3.839.000	50%	“

Bæjarstjórn samþykkir að niðurfellingin taki einnig til holræsagjalda.

Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2007 skv. skattframtali 2008.

Um framkvæmd niðurfellingar af fasteignaskatti og holræsagjöldum gilda nánari reglur sem bæjarstjórn setur hverju sinni.

II. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 að leggja á sérstakt sorpeyðingargjald á hverja íbúð í Hafnarfirði sem er kr. 13.000 á íbúð. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

- III. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að leggja á sérstakt þjónustugjald á hesthús í Hlíðarþúfum sem er kr. 21.670 á 4ra hesta hús og kr. 33.120 á 6 hesta hús. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.
- IV. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að leggja á þjónustugjald á bílastæði við Tjarnavelli í samræmi við lóðaskilmála eignanna. Þjónustugjaldið er kr. 10.840 á hvert bílastæði. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Fasteignaskattur er lagður á með heimild í lögum nr. 4/1995, vatnsgjald með heimild í reglugerð nr. 421/1992 og holræsagjald með heimild í reglugerð nr. 507/1975 með síðari breytingum.